



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 12. október 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 2. og 3. dagskrárið.

Halldór G. Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Skýrslan var lögð fram munnlega og til kynningar.

2. Rekstraryfirlit jan-ágúst 2022 og fjárfestingayfirlit jan-sept 2022

Ólafur Þór fór yfir framlagt rekstrar- og fjárfestingayfirlit og útskýrði. Var yfirlitið lagt fram til kynningar.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2022

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 sem Ólafur Þór fór yfir og útskýrði. Í tillöggunni er gert er ráð fyrir breytingum á rekstri, sem nemur 23,1 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Rekstrarniðurstaða verði 77,6 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Stærstu breytingar rekstrar tengjast hækkuðum framlögum til málefna fatlaðs fólks, hærri framlögum til rekstrar leikskóla, launa- og skipulagsbreytingum, og tekjum af sölu tveggja íbúða. Í tillöggunni er gert ráð fyrir að framkvæmdaáætlun lækki um 40,9 m.kr. verði 223,9 m.kr. Stærsta breytingin á framkvæmdaáætlun tengist hafnarsjóði vegna Ásgarðs þar sem sú framkvæmd færist yfir á næsta ár.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu að viðauka samhljóða með 5 atkvæðum.



4. Snjómokstur

Fyrir fundinum lágu gögn vegna verðkönnunar sem sveitarfélagið gerði vegna snjómoksturs. Tveir aðilar skiluðu inn verðum í þá verkþætti sem óskað var eftir. Var sveitarstjóra og forstöðumannni þjónustumiðstöðvar falið að setjast niður með aðilum með það fyrir augum að ganga frá samningum um þjónustuna.

5. Erindisbréf nefnda

Fyrir fundinum lágu erindisbréf fyrir nefndir sveitarfélagsins Skagastrandar. Annarsvegar var um að ræða erindisbréf fyrir allar nefndir þar sem fjallað er almennt um starf og starfshætti þeirra og hins vegar sérstök erindisbréf fyrir fræðslunefnd, tómstunda- og menningarmálanefnd, atvinnu- og ferðamálanefnd og hafnar- og skipulagsnefnd. Sveitarstjórn ræddi erindisbréfin og gerði á þeim nokkrar breytingar en þau voru síðan samþykkt með áorðnum breytingum. Sveitarstjóra falið að leggja þau fram á næstu fundum nefnda.

6. Bréf

a. Soroptimistaklúbburinn við Húnaflóa dags. 19. september 2022

Með erindinu óskar Soroptimistaklúbbsins við Húnaflóa eftir styrk vegna verkefnisins *Stelpur geta allt* en verkefnið miðar að því að styrkja sjálfsmynd ungra stúlkna með námskeiði þáttakendum að kostnaðarlausu. Óskað er eftir 100.000 kr. styrk sem var samþykktur samhljóða.

b. Flugklasans dags. 30. september 2022

Með erindinu er farið yfir starfsemi Flugklasans Air 55N og lagt fram minnisblað varðandi eflingu millilandaflugs til Akureyrar og Egilstaðarflugvallar. Var erindið lagt fram til kynningar.

c. Guðrúnu Helgadóttur aðstoðarskólastjóra Höfðaskóla dags. 27. september 2022

Með erindinu er farið yfir styttingu vinnuvikunnar hjá félögum í Kennarasambandi Íslands sem starfa við Höfðaskóla. Á vordögum var vinnuhópur skipaður vegna styttingar vinnuviku kennara en í honum sátu fyrir hönd stjórnenda Guðrún Elsa Helgadóttir, Elva Þórisdóttir, Finnbogi Guðmundsson og Vigdís Elva Þorgeirs dóttir. Starfsmenn skólans sem greiða í Kjöltaka sína styttingu þannig að henni er safnað saman innan ársins og var tekin ákvörðun um að félagar í KÍ sem starfa í Höfðaskóla geri slíkt hið sama.

Sveitarstjórn samþykkir framangreint fyrrkomulag.



c. Félag Atvinnurekanda, Húseigendafélagið og LEB dags. 21. september 2022

Húseigendafélagið, Landssamband eldri borgara og Félag atvinnurekenda skora á ríki og sveitarfélög að grípa til aðgerða til að hindra að gífurlegar verðhækkanir á fasteignamarkaði leiði til mikilla hækkaná fasteignagjalda á eignir fólks og fyrirtækja. Var erindið lagt fram til kynningar.

d. Farskólans dags. 23. september 2022

Með erindinu er tilkynnt að vildargjöld haldist óbreytt frá fyrri árum. Vildargjald Skagastrandar nemur 95.000 kr fyrir árið 2023. Var vildargjaldið samþykkt.

e. Kvennaathvarfið dags. 6. október 2022

Með erindinu er óskað eftir rekstrarstyrk til Kvennaathvarfsins sem sveitarstjórn sér ekki fram á að verða við.

f. Dagný R. Úlfarsdóttir og Kristinn R. Kristjánsson dags. 3. október 2022

Með erindinu er óskað eftir því að fyrirkomulag skólamötuneytis verði með þeim hætti að starfsfólk skólans geti mætt í mat án þess að skrá sig fram í tímann eða geti skráð sig viku fram í tímann. Sveitarstjóri fór yfir að að samtal hefði farið fram með starfsfólki mötuneytis varðandi hvaða fyrirkomulag væri viðráðanlegt fyrir starfsemina bæði með tilliti til starfsmannahalds og matarsóunar. Samþykkt að starfsfólki standi til boða að skrá sig viku fram í tímann og var sveitarstjóra falið að koma því fyrirkomulagi á í samstarfi við skólann.

g. Eva Guðbjartsdóttir og Erla María Lárusdóttir dags. 26. september 2022

Eva Guðbjartsdóttir og Erla María Lárusdóttir viku af fundi undir þessum dagskrálið. Með erindinu er óskað eftir því að taka Bjarmanes á leigu undir margþætta menningarstarfsemi með það fyrir augum að skapa rými fyrir gesti til að njóta lista, menningar, tónleika, námskeiða og samveru. Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndina og felur sveitarstjóra að ganga til samninga um leigu á húsnæðinu við umsækjendur.

7. Fundargerðir

a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. september 2022

Fundargerð var lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. dags. 16. september 2022



Fundargerð var lögð fram til kynningar.

8. Önnur mál

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Halldór G. Ólafsson
Halldór Gunnar Ólafsson

HREFNA DÖGG ÞORSTEINSDÓTTIR
Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Péturína I. Jakobsdóttir
Péturína Laufey Jakobsdóttir

Fundi sunn kl. 11:40

Erla María Lárusdóttir
Erla María Lárusdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir
Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir
Alexandra Jóhannesdóttir